

Skólaráð Naustaskóla

4. fundur ársins 2015 þann 15. apríl 2015

Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir.

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Gísli Rúnar Magnússon, Áshildur Hlín Valtýsdóttir, Vaka Óttarsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Berglind Bergvinsdóttir, Valdís Jósavinsdóttir, Inga Vala Magnúsdóttir.

Dagskrá og afgreiðslur:

- Hugmyndir að breytingum á húsnæði:** Ágúst gerði grein fyrir hugmyndum sem uppi eru um breytingar á húsnæði skólans með það að markmiði að koma tveimur leikskóladeildum fyrir í húsinu til frambúðar, en eftir því hefur verið leitað af fræðsluyfirvöldum bæjarins. Til umræðu er sú lausn að taka núverandi aðstöðu Frístundar og tónmenntastofu undir leikskóladeildirnar, ásamt nálægum minni rýmum. Til að þetta verði framkvæmanlegt þarf að laga rýmin að þörfum leikskólans, m.a. að koma fyrir nýjum salernum og fara í ýmsar tilfærslur innanhúss auk þess sem ljóst er að fórna þarf aðstöðu fyrir foreldraherbergi, námsver, tónlistarkennslu og annaðhvort Frístund eða félagsaðstöðu nemenda.

Skólaráð er einróma um að æskilegast væri að skólinn fengi að vaxa inn í húsið á þann hátt sem það var hannað til, enda töluverð hugmyndavinna þar að baki. Ef hins vegar þörf krefur að hliðra til á þennan hátt er lögð þung áhersla á að búið verði þannig um hnútana að sómi verði að til frambúðar en ekki verði um að ræða einhvers konar „reddingar“. Þannig verði tryggt að gerð verði raunhæf tímasett áætlun um alla þætti breytinganna og gert ráð fyrir fjármagni til að ljúka öllum þeim verkefnum sem breytingunum tengjast, bæði fljótt og örugglega.

Þá minnir skólaráð á að starfsfólk Naustaskóla hefur á undanförunum árum lagt mikið á sig til að laga starfið að sífelldum breytingum á húsnæðismálum skólans og oftar en ekki við afar slæmar aðstæður þegar framkvæmdir hafa dregist á langinn með tilheyrandi óþægindum og álagi. Nánast á hverju hausti hefur dýrmætur tími farið í breytingar og endurskipulagningu á húsnæði skólans, og ef til þess kemur að slíkt ríður yfir enn og aftur á komandi hausti þarf að tryggja að komið verði til móts við starfsfólk vegna þess álags sem slíkt leiðir af sér. Þá er gríðarlega mikilvægt að haldið verði þannig á málum að framkvæmdum ljúki í tæka tíð áður en skólastarf hefst.

Skólaráð minnir á að þó að Naustaskóli búi að mörgu leyti við góðar aðstæður þá hafa þær að í gegnum tíðina verið í ýmsu snúnar og bágbornar og byggst á sífelldri lausnaleit og umburðarlyndi og þó að margt hafi smátt og smátt snúist til betri vegar má má þar enn nefna skólalóð, íþróttaaðstöðu og starfsmannaaðstöðu. Því er einnig lögð þung áhersla á að þeim framkvæmdum sem eftir eru við skólann verði flýtt sem mest má verða, ekki síst við skólalóðina sem er fyrir löngu orðin allt of lítil fyrir þann fjölda nemenda sem er í skólanum, auk þess sem hún er hreinlega til skammar fyrir bæjarfélagið.

- Starfsmannasamtöl:** Formlegum samtölum er lokið en ekki hefur náðst að taka saman yfirlit yfir niðurstöður. Hins vegar má segja að starfsfólk virðist yfir höfuð vera nokkuð ánægt og ekki eru sjáanlegar miklar breytingar á starfsmannahópnum. Örlítið var rýnt í niðurstöður starfsmannakönnunar Skólapúlsins sem bárust rétt fyrir fundinn og virðast þær staðfesta þá tilfinningu að starfsmannahópurinn uni vel við sitt.

3. **Foreldrakönnun Skólapúlsins:** Rýnt lítillega í niðurstöður en fundarmenn höfðu haft færi á að kynna sér þær fyrir fundinn. Í heildina tekið eru niðurstöður jákvæðar og í bærilegu samræmi við það sem verið hefur á undanförunum árum.
4. **Næsta skólaár:** Farið yfir nemendatölur næsta vetrar en fyrirjábanlegt virðist að fjöldi nemenda muni nálgast eða fara yfir 370, nú þegar eru 367 innritaðir. Úthlutaðar kennslustundir skv. fjárhagsáætlun miðuðust við spá um 356 nemendur og skólastjóri er að fara fram á aukningu vegna fyrirjábanlegrar fjölgunar umfram það en ekki ljóst hvernig því ríður af. Enn sem komið er getum við því ekki gert ráð fyrir aukningu á kennslumagni nema sem svarar einni kennarastöðu frá því sem nú er, og miðað við nemendafjölda væri eðlilegast að sú staða hafnaði í 4.-5. bekk eða á unglíngastigi, eða skiptist þar á milli, en stjórnendur eru ekki komnir að niðurstöðu um það mál. Umræða um vægi list- og verkgreina og valgreina, m.a. um kennslu list- og verkgreina á unglíngastigi.
5. **Önnur mál.**
 - a. Upplýsingamiðlun til foreldra í gegnum dagbækur Mentor. Rætt um að nýta dagbækur meira til að koma á framfæri jákvæðum athugasemdum og hvatningu. Bent á að leita eftir viðmiðum sem Brekkuskóli hefur sett varðandi skráningar.
 - b. Athugasemd frá foreldri vegna uppbrotsgaga. Borist hafa athugasemdir frá foreldri vegna þess að nemendur hafa í einstöku tilfellum verið sendir heim áður en þeim ber skv. stundaskrá, t.d. á uppbrotsgögum eins og útivistardegi í Hlíðarfjalli. Foreldrið mælist til þess að slíkt sé ekki gert nema að um sé að ræða „skerta daga“ sem eru þá merktir sem slíkir á skóladagatali. Skólaráð fellst á þessa athugasemd og felur skólastjóra að gæta að þessu við skipulagningu.
 - c. Spjaldtölvur á unglíngastigi. Vangaveltur um hvort óska eigi eftir því að þeir nemendur sem það geta komi með eigin tæki í skólann frá og með næsta hausti, en skólinn láni þá þeim sem ekki geta útvegað tæki. Ákveðið að gera skoðanakönnun meðal foreldra á unglíngastiginu varðandi þetta mál.
 - d. Skólatímapælingar. Rætt um hvort að möguleiki sé á að hafa upphaf skóladags unglínganna seinna að morgni en nú er. Skólaráðsfólk var með ýmsar efasemdir og eins þykir ljóst að erfitt sé fyrir einn skóla að gera þetta, ekki síst vegna sameiginlegu valgreinanna.

Næsti fundur áformaður miðvikudaginn 6. maí kl. 15:00 en verður boðaður með dagskrá með viku fyrirvara.